



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í kvöldverði á Bessastöðum
til heiðurs
Hans Konunglegu Hátign
Friðriki krónprinsi**

12. október 2021

Yðar konunglega hátign,
ráðherrar,
aðrir góðir gestir.

Okkur á Íslandi er það mikill heiður og ánægja að taka á móti yður, kæri krónprins, ásamt utanríkisráðherra Danmerkur og öðrum í föruneysi yðar. Okkur þykir vænt um að Ísland skyldi verða fyrsti áfangastaður yðar á ferðum í þágu heimalands yðar eftir það hlé sem gera þurfti vegna farsóttarinnar skæðu. Hún setti heiminn úr skorðum um skeið en við skulum vera bjartsýn og kappsöm. Þess vegna er gaman að taka á móti góðum gestum sem koma í þeim hug til okkar.

Að sama skapi fannst okkur Elizu fagnaðarefni að þegar við gátum ferðast á ný fyrir skemmstu lá leið okkar til Kaupmannahafnar. Fyrir hönd okkar hjóna þakka ég ljúfan fund þar með yður og hennar konunglegu hátign, Mary krónprinsessu, og bið yður að skila kærum kveðjum okkar til hennar.

Mér finnst líka sem þessar tvær heimsóknir, okkar út og yðar hingað, staðfesti hvað það er sem við þurfum til að skapa sífellt betra samfélag, í sátt við hvert annað og í sátt við móður náttúru.

Við þurfum samstöðu og samkennd. Við hjónin héldum út á World Pride í Kaupmannahöfn, alþjóðahátíð hinsegin samfélagsins þar sem minnt var á mikilvægi mannréttinda og víðsýni, frelsis og fjölbreytni.

Við þurfum líka vísindi og þekkingu, rannsóknir og nýsköpun. Og við þurfum að ferðast og fræðast. Hér á Íslandi munuð þið, kæru gestir, geta kynnt ykkur hvað við höfum upp á að bjóða í þeim efnum. Sumt þekkið þið eflaust því að það er svo margt sem við eigum sameiginlegt, þessar tvær Norðurlandabjóðir. Við viljum mæta saman alheimsáskorunum í loftslags- og umhverfismálum. Því viljum við hraða orkuskiptum, við viljum grænar lausnir og græna orku. Og við viljum líka bláan sjó og hreinan, bláan efnahag á höfum úti – „blue economy“ – sem kallar á aukna sjálfbærni í sjávarútvegi og vistvænar veiðar sem leiðarljós.

Við eigum líka sameiginlegan menningararf og eitt sinn töluðum við sömu tungu, danska tungu sem svo var kölluð. En svo er annað sem skilur okkur að, eins og til dæmis tungumálið nú til dags, og jafnvel skopskynið. Fyrir mörgum árum kom danski grínistinn Eddie Skoller hingað til lands, skemmti Íslendingum og þóttist sjá að húmor okkar væri öðruvísi en annarra. „Þið eruð opnari og móttækilegri fyrir gríni en landar mínir Danir,“ sagði Skoller og bætti svo við: „svo ekki sé nú talað um Svía, Finna og Norðmenn. Það þarf oft að ýta vel við þeim til að fá þá til að hlæja. Ykkar húmor er líka kaldhæðnislegri og afdráttarlausari. Þið eruð eins og veðrið hér á ykkar landi, stundum logn, stundum hvasst og veðráttan hörð.“

Þar hitti grínistinn naglann á höfuðið eins og við segjum gjarnan hér og reyndar einnig á dönsku. Landkostir á þessari eyju úti í Atlantshafi eru aðrir en gengur og gerist sunnar í álfunni. En okkur hefur tekist að nýta þá vel og við ætlum að gera enn betur.

Ég fagna því aftur, yðar hátign, að þér séuð komnir hingað til lands með fríðu föruneyti og munið fræðast um þau gæði sem finna má hér í iðrum jarðar en ekki síður hin sem búa í hugum fólksins ofanjarðar. Það segi ég afdráttarlaust og án allrar kaldhæðni enda ekkert fyndið við það. Þetta er bara staðreynd.

Kæru vinir að utan, verið öll velkomin til Íslands. Ég vona að þið njótið dvalarinnar hér, hvernig sem viðrar. Ég bið ykkur öll, sem hér eruð viðstödd, að rísa úr sætum og lyfta glasi til heiðurs hans hátign, Friðriki krónprins.